

Austurgata 41 1803156

Ragnar Kristjánsson leggur 15.03.18 inn fyrirspurn um breytingu á nýtingu á húsnæði samkvæmt meðfylgjandi bréfi. Húsið er einbýlishús, byggt árið 1919. Óskað er eftir að herbergi á jarðhæð hússins (merkt miðstöð/þvottahús á teikningu) verði samþykkt sem skrifstofuhúsnæði.

Umsögn:

Í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025 segir á bls. 32:

2.2.1 Íbúðarbyggð

Almenn ákvæði

Á öllum íbúðarsvæðum gilda þau ákvæði að þar skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónusta við íbúa viðkomandi hverfis, svo sem verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum, þjónustustarfsemi og leiksvæðum, eða annarri starfsemi sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrífnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð. Gæta skal sérstaklega að búsetuhagsmunum íbúa varðandi staðsetningu starfsemi sem ætla má að valdi nágrönnum óþægindum t.d. vegna lyktar, hávaða eða óþrífnaðar. Á íbúðarreitum ÍB2, ÍB3

Í samræmi við það sem að ofan greinir, ber fyrirspyrjanda að gera grein fyrir um hvers konar atvinnustarfsemi yrði að ræða, áður en afstaða er tekin til breyttrar nýtingar á húsnæðinu. Einnig verði gerð grein fyrir heildarfyrirkomulagi húss á uppdrætti, svo sem staðsetningu þvottahúss, (miðstöðvar) o.fl. eftir breytingar. Breytingin kallar einnig á gerð skráningartöflu. Ef óskað er skráningar hjá fasteignamati er einnig nauðsynlegt að gera grein fyrir lausn bílastæða vegna atvinnustarfseminnar.

Athygli er vakin á að eigendum húsa sem byggð voru 1925 eða fyrr er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands ef fyrirhugað er að breyta yfirborði húss. Einnig hvílir hverfisvernd á götumynd Austurgötu.



f.h. skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar,

Guðrún Guðmundsdóttir, arkitekt/skipulagsfræðingur

22.05.2018